

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

9. janúar 2026
UOS2501708/K.K.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 11. Desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Colas Ísland hf. – Ammann1. þann 30. október 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri. Engar mælingar á útblæstri voru framkvæmdar árið 2023.
Lýsing á úrbótum: Fá mælingarmenn til að mæla útblástur í stöðinni 2024, 2025 o.s.frv.
Lok úrbóta: Lokið
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útblástur skal standast losunarmörk í útblæstri. Samkvæmt skýrslu fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2024 var styrkur ryks og kolmónoxíðs yfir mörkum í starfsleyfi.
Lýsing á úrbótum: Búið er að skipta um poka í stöðinni og mæling verður aftur framkvæmd sumar 2026
Lok úrbóta: 1. Ágúst 2026
3. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur lausageyma. Lífolía er geymd í fjórum bömbum sem standa ekki í lekabyttu og án allra árekstrarvarna.
Lýsing á úrbótum: Setja bamba á lekabyttu
Lok úrbóta: 1. maí 2026
4. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs neyslugeyma.

Eldsneyti til áfyllingar á farartæki er geymt í olíutanki á lóðinni. Árekstrarvarnirnar eru ófullnægjandi og áfyllingarplanið er að hluta til ekki með lekaheldu yfirborði.

Lýsing á úrbótum: Setja árekstrarvarnir við tankinn

Lok úrbóta: 1. maí 2026

Lýsing á úrbótum: Steypa kant svo olía leki ekki frá malbiki niður í möl

Lok úrbóta: 1. ágúst 2026

5. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun. Neyslugeymirinn stendur í halla og ekkert sem kemur í veg fyrir sjálfrennsli frá geyminum.

Lýsing á úrbótum: Steypa kant svo olía leki ekki frá malbiki niður í möl

Lok úrbóta: 1. ágúst 2026

6. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útblástur skal standast losunarmörk í útblæstri. Samkvæmt skýrslu fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2025 var styrkur ryks yfir mörkum í starfsleyfi.

Lýsing á úrbótum: Búið er að skipta um poka í stöðinni og mæling verður aftur framkvæmd sumar 2026

Lok úrbóta: 1. Ágúst 2026

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið er kr. 22.400 á klst.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur, Teymi eftirlits